

## GJALDSKRÁ

### fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Snæfellsbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Snæfellsbæ og hreinsun rotþróa í Snæfellsbæ skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 181/2005 um fráveitu í Snæfellsbæ.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera 130 kr. fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis.

Gjöld miðast við byggingarvísitölu 355,2 stig í desember 2006 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.

#### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,16% af álagningarstofni húsnæðis í A flokk og 0,20% af álagningarstofni húsnæðis í B og C flokk. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi fyrir hverja losun fyrir sig:

Stærð í m <sup>3</sup>	Rotþróargjald í kr.
Rotþró 0-2.000	11.700
Rotþró 2.000-3.000	13.800
Rotþró 3.000-4.000	16.900
Rotþró 4.000-6.000	18.800
Rotþró 6.000-8.000	21.700
Rotþró 8.000-10.000	26.100
Rotþró > 10.000	3.000 kr. per umfram rúmmetra.

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 2.200.

Gjöld miðast við byggingarvísitölu 355,2 stig í desember 2006 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.

#### 5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi strax við birtingu hennar.

*Snæfellsbæ, 2. janúar 2007.*

**Kristinn Jónasson** bæjarstjóri.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2007